

Hann skal greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Ólasonar hrl., kr. 3000.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. maí 1960.

Nr. 74/1960. **Ákærvaldið** (Jón N. Sigurðsson hrl.)

gegn

Guðmundi Karlssyni (Gústaf Ólafsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ölvun við akstur bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Brot ákærða er í héraðsdómi rétt fært til refsíákvæða. Þykir refsing honum til handa hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga. Að öðru leyti ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Karlsson, sæti varðhaldi 10 daga. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu réttinda og málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Jóns N. Sigurðssonar og Gústafs Ólafssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 23. febrúar 1960.

Ár 1960, þriðjudaginn 23. febrúar, var í sakadómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóh. Gunnari Ólafs-

syni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem tekið var til dóms 16. febrúar s.l.

Mál þetta er höfðað af ákæruvaldsins hálfu gegn Guðmundi Karlssyni vélstjóra, til heimilis að Fjarðarstræti 13, Ísafirði, með ákæruskjali, útgefnu 12. janúar 1960, fyrir að hafa aðfaranótt sunnudagsins 27. desember s.l. um kl. 4.30 undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni Í 575 frá Fjarðarstræti 13 og niður á hafnaruppfyllingu. Brot þetta telst varða við 2. og 4. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 20. marz 1932 í Aðalvík, og hefur ekki, svo að kunnugt sé, sætt refsingu eða ákæru.

Málavextir eru þessir samkvæmt vætti Jóns Kristjánssonar lögregluþjóns:

Sunnudaginn 27. desember s.l. var vitnið á eftirlitsferð og sá þá bifreiðina Í 575 aka niður Aðalstræti og niður að hafnaruppfyllingu.

Vitnið hafði grun um, að eigandi bifreiðarinnar, ákærði í máli þessu, væri undir áhrifum áfengis, því að hann vissi, að ákærði hafði verið á dansleik um kvöldið og var hann þá undir áhrifum áfengis.

Vitnið, sem var í bifreiðinni Í 405, ók fram fyrir bifreið ákærða, og stöðvaði hann þá strax bifreið sína. Bað vitnið ákærða að koma með á lögregluvarðstofuna, og gerði hann það. Héraðslæknir tók síðan blóðsýnishorn úr ákærða, og var það sent til rannsóknar.

Vitninu virtist ákærði lítillaga með vínáhrifum, og lagði vínlykt frá vitum hans. Hreyfingar ákærða virtust eðlilegar. Vitnið hefur staðfest þenna vitnisburð sinn með eiði.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreið sinni aðfaranótt sunnudagsins 27. desember um kl. 4.30 heiman frá sér niður að hafnaruppfyllingu. Um nóttina var gestur heima hjá ákærða, og neyttu þeir lítillaga áfengis, en ákærði drakk aðallega enskan bjór. Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa lítillaga fundið til áfengisáhrifa, þegar hann ók bifreið sinni, eins og áður greinir.

Ákærði kvaðst hafa talið öruggt, að engin bílaumferð væri í bænum svo síðla nætur, og af þeirri ástæðu ók hann bílnum. Í blóðsýnishorninu fundust reducerandi efni, er samsvara 1,53% af alkóhóli.

Telja verður sannað með játningu ákærða og vitnisburðinum og niðurstöðu blóðrannsóknarinnar, að ákærði hafi í umrætt skipti ekið bifreið sinni undir áfengisáhrifum. Hefur ákærði þannig brotið þau ákvæði umferðarlaga og áfengislaga, er ákæra greinir.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 2. og 4. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga hæfilega ákveðin 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Ákærði skal samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra í 1 ár frá birtingu dóms þessa, og frestar áfrýjun dómsins ekki áhrifum hans að þessu leyti.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Karlsson, skal greiða 800 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuleyfi bifreiðarstjóra í 1 ár frá birtingu dómsins, og frestar áfrýjun hans ekki áhrifum dómsins að því leyti.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar. Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.